

Læsteymi 6.1.2023 kl. 13:30

Mættir: Anna, Ásdís, Mæja, Nanna og Sunna

- Komandi lestrarátak rætt.
 - Hvaða lausnir eru í sjónmáli varðandi peninga fyrir lestrarátakið? Ásdís búin að athuga hjá myndmennta- og snillismiðjukennurum hvort hægt væri að búa til stimpil en það er ekki hægt eins og er. Spurning hvort við þurfum að búa til peninga í tölvu og prenta þá út?
 - Þá væri hægt að geyma „peningana“ og nýta þá aftur í alls kyns verkefni.
 - Við erum þá að hugsa um pappírsmál og viljum reyna að sporna við sóun eins og við getum. Anna Margrét býðst til að heyra í sýsluskrifstofunni og athuga með pappír hjá sýsluskrifstofunni sem verður ekki notaður þar.
 - Hvað þurfum við mikið af hverjum seðli?
 - Reynum að byrja með ákveðið lágmark og sjáum svo hvort við þurfum að bæta einhverju við og prenta meira út.
 - Ákveðum að skipta með okkur verkum í undirbúningi fyrir átakið.
 - Búa til peninga – Nanna
 - Búa til kynningu/skrifa kynningarpóst til foreldra og samstarfsfólk – Ásdís
 - Búa verðlaunin/passana til í Canva - Sunna
 - Búa til gjaldskrá í stofurnar – Sunna
 - Klippa og líma og plasta – Anna og Mæja
 - Fórum allar í þessi verk. Fundi slitið og helgarfrí kl. 15:00